

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir Byggingarsamvinnufélag aldraðra á Suðurnesjum.

Samkvæmt lögum nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag aldraðra á Suðurnesjum.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Porgerður Benediktsdóttir.

13. nóvember 1989

Nr. 539

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 113, 23. febrúar 1988, um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyþtra skipa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Rúmtala hin nýja skips má ekki vera stærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri. Sé það skip sem úr rekstri hverfur eldra en 12 ára má rúmtala hins nýja skips þó nema 100 m³ til viðbótar við rúmtölu eldra skipsins auk 25% álags á þá samtölu. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera meira en 60% hærri en rúmtala þess skips er hverfur úr rekstri.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að taka tvö skip eða fleiri úr rekstri fyrir eitt nýtt skip. Leyfileg rúmtala hins nýja skips miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri sem reiknast þannig:

- A. Séu skipin sem hverfa úr rekstri eldri en 12 ára skal rúmtala þeirra lögð saman og skal viðbót sem nemur 100 m³ auk 25% álags bætt á þá samtölu. Rúmtala hins nýja skips skal þó aldrei vera meira en 60% hærri en samanlögð rúmtala þeirra skipa er hverfa úr rekstri.
- B. Sé eitt eða fleiri af þeim skipum, sem hverfa úr rekstri, yngra en 12 ára, skal reikna sérstaklega, hversu stórt skip hefði mátt koma í þess stað, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. Leyfileg rúmtala hins nýja skips telst samtala þannig reiknaðrar heimildar og leyfilegrar endurnýjunar vegna skipa eldri en 12 ára, skv. 2. mgr. 3. gr. eða A.-lið þessarar greinar, eftir því sem við á.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 og laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.